

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði –Ábyrgðin er okkar

Skýrsla umdæmisritara

2. Umdæmisstjórnarfundur, haldinn laugardaginn 22 janúar 2011 í Kiwanishúsi Eldeyjar Smiðjuvegi 13a, Kópavogi.

Samantektin á skýrslum sem ég legg fram hér í dag, nær yfir tímabilið október, nóvember og desember. Skýrsluskil hafa verið nokkuð góð og flestir ritarar skila á réttum tíma, aðra þarf aðeins að ýta á eftir. Þó eru fjórir klúbbar, Jöklar, Elliði, Thorshavn og Eysturoj sem ekkert gengur að fá skýrslur frá, þrátt fyrir að svæðisstjórar og umdæmisritari hafa margbeðið um þær. Það þarf að kanna betur hvað veldur því að ritarar eru ekki að standa sig, því það er nauðsynlegt fyrir umdæmið að fá skýrslur frá klúbbunum svo við vitum að hvað er að gerast hjá þeim. Mér hafa borist 94 skýrslur á þessum þremur mánuðum en 11 skýrslur vantar.

Á þessu tímabili hafa 9 félagar gerst Kiwanisfélagar en aftur á móti hafa 14 félagar kosið að hætta eða þeir fallið frá. Um áramót var heildarfjöldi félaga 936 en eitthvað hefur þó fjölgað síðan þá. Til gamans má geta þess að á samantektinni sem ég lagði fram á sama tíma fyrir ári, kemur fram að Kiwanisfélagar voru 881 í lok desember 2009. Okkur hefur því fjölgað um 55 féлага frá þeim tíma sem við megum vera mjög ánægð með og erum við greinilega á réttri leið.

Mesta fjölgunin var í Ægissvæði og Sögusvæði en það var aðallega út af tilkomu Kiwanisklúbbsins Vörðu og græðlingsklúbbsins Eldfell en þarna fengum við 44 nýja féлага.

Meðal mætingarþrósentan á þessu tímabili hjá þeim klúbbum sem hafa skilað mér skýrslum er 74 % sem verður að teljast mjög góð og er svipuð tala og á þeim skýrslum sem lagðar voru fram á síðasta ári.

Í Umdæminu Ísland – Færeyjar eru nú 35 klúbbar í 6 svæðum og eru þeir langflestir að skila mjög góðu og kraftmiklu starfi. Kiwanisfélagar hafa unnið í samtals 11.184 klst. á þessum þremur mánuðum og safnað um 7.000.000 kr. og gefið til líknarmála svipaða upphæð. Desember er sá mánuður sem flestir klúbbar eru með sína aðalfjáröflum, seld eru jólatré, sælgæti, jólarósir, jólaskreytingar og flugeldar svo eitthvað sé nefnt.

Flest allir klúbbarnir eru að nýta sé félagatalið á heimsíðunni, skrá þar hætta félaga og nýja féлага. Þegar það er gert fær umdæmisritari sjálfvirkur póst um þessar breytingar. Eftir að klúbbarnir fóru að fá aðgang að félagatalinu hefur umdæmisritari aldrei fengið eins fá blöð af Kiwanisfréttum til baka. Þessum ber að fagna og sýnir sig að gagnagrunnurinn er að virka.

Mig langar að nota tækifærið og biðja svæðisstjórana að hvetja klúbbana í sínu svæði að skrá inn öll netföng félaga inn í gagnagrunninn.

Ýmsar upplýsingar eru sendar til allra félaga á tölvupósti og er leiðinlegt ef margir eru að fara á mis við að fá þessar upplýsingar svo sem fréttabréf og skilaboð frá nefndum.

Hjördís Harðardóttir
Umdæmisritari

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði –Ábyrgðin er okkar

Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbodaliða sem hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna